

Ársskýrsla 2017

FERLINEFND FATLAÐS FÓLKS Í REYKJAVÍK



Um ferlinefnd fatlaðs fólks í Reykjavík

Í nóvember 1994 var samþykkt í borgarráði að kosin yrði nefnd til þess að vinna að ferlimálum fatlaðs fólks. Skipan nefndarinnar þá var með þeim hætti að einn fulltrúi nefndarinnar kom frá Borgarskipulagi, annar frá embætti borgarverkfræðings, þriðji frá embætti byggingafulltrúa og tveir fulltrúar væru skipaðir frá Sjálfsbjörgu. Frá þessum tíma hefur verksvið og skipan nefndarinnar tekið ýmsum breytingum.

Samkvæmt erindisbréfi ferlinefndar frá árinu 2004 var skipan nefndarinnar með þeim hætti að formaður nefndarinnar var formaður stjórnar Fasteignastofu Reykjavíkurborgar en aðrir fulltrúar í nefndinni voru skipaðir af Blindrafélagi Íslands, Sjálfsbjörg, Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands. Skipan nefndarinnar tók aftur breytingum árið 2010 en þá var formaður nefndarinnar skipaður af borgarráði. Þriggja tilnefninga í nefndina var óskað frá ÖBÍ sem skyldu taka tillit til mismunandi aðgengisþarfa og Félag eldri borgara fékk jafnframt fulltrúa inn í nefndina en ekki var óskað sérstaklega eftir tilnefningu frá Sjálfsbjörg.

Árið 2014 færðist umsjón með starfsemi nefndarinnar til mannréttindaskrifstofu. Starfsmaður nefndarinnar kemur frá skrifstofunni og situr mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar jafnframt fundi nefndarinnar. Óskað var eftir tilnefningum frá sömu hagsmunaaðilum og 2010 en við nefndina bættist fulltrúi frá minnihluta í borgarstjórn.



Ferlinefnd skoðar nýja lyftu sem sett var upp í Sundhöll Reykjavíkur.

Verksvið ferlinefndar

Ferlinefnd stuðlar að því að allar byggingar í eigu Reykjavíkurborgar og annað húsnæði þar sem almenningur þarf að sækja þjónustu á vegum borgarinnar, svo og götur, gangstéttir og önnur opinber svæði í borgarlandinu, séu aðgengileg fötluðu fólki með mismunandi aðgengisþarfir.

Ferlinefnd mótar stefnu í ferlimálum, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til umhverfis- og skipulagsráðs sem varða verksvið hennar. Ferlinefnd er ráðgefandi fyrir borgarráð í aðgengismálum fatlaðs fólks. Hún skal hafa frumkvæði að verkefnum sem stuðla að bættu aðgengi fatlaðs fólks í samræmi við heildarstefnu í aðgengismálum fatlaðs fólks og fjárheimildir nefndarinnar hverju sinni. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Skipan ferlinefndar

Ferlinefnd fatlaðs fólks er skipuð sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarráð kýs tvo fulltrúa; annar skal vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar, hinn er valinn af minnihluta í borgarstjórn. Formaður ferlinefndar er Magnús Már Guðmundsson, varaborgarfulltrúi. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa og skal í tilnefningunni taka tillit til mismunandi aðgengisþarfa, svo sem aðgengi hreyfihamlaðra, sjónskertra og blindra. Proskahjálpar tilnefnir einn fulltrúa og Félag eldri borgara tilnefnir einn fulltrúa.

Í lok árs 2017 áttu sæti í ferlinefndinni eftirtaldir aðilar:

Aðalfulltrúar:

Magnús Már Guðmundsson, varaborgarfulltrúi og formaður ferlinefndar

Ragnheiður Gunnarsdóttir, fulltrúi minnihluta í borgarstjórn

Bryndís Snæbjörnsdóttir, fulltrúi Landssamtakanna Proskahjálpar

Grétar Pétur Geirsson, fulltrúi Öryrkjabandalags Íslands

Ingólfur Már Magnússon, fulltrúi Öryrkjabandalags Íslands

Lilja Sveinsdóttir, fulltrúi Öryrkjabandalags Íslands

Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, fulltrúi Félags eldri borgara

Varafulltrúar:

Bergur Þorri Benjamínsson, Öryrkjabandalag Íslands

Rósa María Hjörvar, Öryrkjabandalag Íslands

Snædís Rán Hjartardóttir, Öryrkjabandalag Íslands


Þórey Rut Jóhannesdóttir, Landssamtökin Proskahjálpi

Hrefna Haraldsdóttir, Félag eldri borgara

Starfsmaður ferlinefndar er Tómas Ingi Adolfsson frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Tilnefndir tengiliðir við ferlinefndina frá umhverfis- og skipulagssviði eru Bragi Bergsson og Ólafur Ólafsson. Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, situr einnig fundi nefndarinnar en mannréttindastjóri ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar sem og rekstri og stjórnarsýslu hennar.

Verkefni ferlinefndar 2017

Árið 2017 bar mikið á endurbættri Sundhöll Reykjavíkur sem var tekin í notkun undir lok árs og höfðu teikningarnar að nýbyggingunni verið bornar undir ferlinefnd áður en farið var í framkvæmdir. Fulltrúum ferlinefndar, ÖBÍ og Sjálfsbjargar var jafnframt boðið í vettvangsheimsókn í Sundhöllina áður en byggingin var tekin í notkun og gátu þá komið á bændingum áleiðis um atriði sem mátti enn bæta. Þar bar helst á athugasemdum vegna aðgengismála blindra og sjónskertra þar sem auka þurfti skörp litaskil sums staðar og gæta að því að súlur og/eða veggir féllu ekki inn í umhverfið. Ferlinefnd fundaði í janúar 2018 í Sundhöllinni og var nefndin mjög ánægð með þær endurbætur sem hafa orðið á húsnaði Sundhallarinnar.



Ferlinefnd var ánægð með bætt aðgengi að Sundhöll Reykjavíkur sem fylgdi nýrri viðbyggingu.



Nýr aðgengilegur sérklefi í Sundhöll Reykjavíkur

Ferlinefnd fundaði 16 sinnum á árinu 2017. Nefndin tók til umfjöllunar framkvæmdir á 17 starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Sex grunnskólum, fimm leikskólum, þremur sundlaugum, einu safni og einni félagsmiðstöð aldraðra. Við átta þessarra staða voru sett upp P-merkt bílastæði og var ferlinefnd þá til umsagnar um staðsetningu, hönnun, fjölda og merkingu staðanna. Töluvert var um óskir um úrbætur á inngangi og í fimm tilfellum var óskað eftir rafmagnsopnunum á hurðir. Yfirlit yfir framkvæmdir sem ferlinefnd hafði aðkomu að má sjá hér á eftir. Í einhverjum tilfellum var ferlinefnd aðeins til umsagnar en í flestum tilfellum lagði hún jafnframt til fjármagn vegna framkvæmdanna.

Árbæjarlaug

- Hönnun á aðgengilegum sérklefa
- Færanleg lyfta á útisvæði
- Tónmökvi keyptur

Árbæjarsafn

- Staðsetning og gerð P-merktra bílastæða

Árskógar 4

- Tónmökvi keyptur

Bakkaborg


- Uppsetning skábrauta
- Endurgerð og viðhaldsframkvæmdir við lóð og bílastæði

Breiðholtslaug

- Uppsetning á aðgengilegum sérklefa
- Færanleg lyfta á útisvæði laugarinnar
- Niðurtekt fyrir framan aðalinngang
- Rafmagnshurðaopnun sett á gufubað
- Hæðarstillanlegur rafmagnsbekkur settur upp í sérklefa
- Göngugrind keypt
- Tónmöskvi keyptur

Fellaskóli

- Málun og skiltun P-merktra bílastæða



Sett voru upp P-merkt bílastæði við Fellaskóla.

Félagsmiðstöðin Þróttheimar

- Hjólastólalyfta milli hæða

Geislabaugur

- Uppsetning á P-merktu bílastæði

Gerðuberg menningarmiðstöð

- Uppsetning á P-merktu bílastæði
- Kaup á tónmökva

Grafarvogslaug

- Færanleg lyfta á útisvæði
- Rafmangshurðaopnanir á útiklefa karla og kvenna
- Rafmagnshurðaopnun á gufuklefa, innri og ytri hurð
- Rafmagnsbekkur í sérklefa

- Göngugrind keypt
- Tónmöskvi keyptur

Grandaskóli

- Uppsetning P-merktra bílastæða
- Málun og skiltun eldri P-merktra stæða
- Uppsetning á rafmagnshurðaropnun
- Hellulögn löguð við inngang og flái útbúinn
- Upphengdur bekkur á vegg

Gullborg

- Bætt aðgengi að leiksvæðum

Gylfaflöt 5

- Kaup á tónmökva

Hálsaskógur, Borg

- Hönnun og uppsetning á P-merktu bílastæði
- Málun og skiltun á P-merktu bílastæði
- Uppsetning skábrautar

Hólabrekkuskóli

- Rafmagnsopnanir á aðalinngang
- Uppsetning skábrautar



Ferlinefnd heimsótti Hólabrekkuskóla á árinu en þar hafa farið fram miklar framkvæmdir til að bæta aðgengi í skólanum á síðustu tveimur árum. Meðal annars var sett upp skábraut inn í sal í skólanum

Hvassaleitisskóli

- Aðgengi bætt að salerni

Hraunbær – þjónustumiðstöð

- Kaup á tónmökva

Hraunbær 119 – heimahjúkrun

- Kaup á tónmökva

Íþróttamiðstöð Klébergi

- Kaup á tónmökva

Laugardalslaug

- Færanleg sundlaugarlyfta
- Sundlaugarlyfta sem verður fest á bakka laugarinnar

Laugarnesskóli

- Sjálfvirkar hurðaoþnanir
- Handlisti við stiga
- Lækkun þröskuldar
- Uppsetning á sturtuklefa



Settur var upp sturtuklefi inn á aðgengilegt salerni í Laugarnesskóla

Langholtsskóli

- Aðgengisúttekt

Kvistaborg

- Handrið lagfærð

Lindarborg

- P-merkt bílastæði

Múlaborg

- Rafmagnsopnanir á hurðir



Settar voru upp rafmagnsopnanir á hurðir leikskólans Múlaborgar

Ráðhús Reykjavíkur

- Kaup á tónmöskvum, 2 stk.

Selásskóli

- Aðgengisúttekt

Seljakot

- Uppsetning P-merktra bílastæða

Sléttuvegur 11

- Kaup á tónmöskva

Spöngin – bókasafn

- Kaup á tónmöskva

Vesturbæjarlaug

- Málun og skiltun bílastæða
- Hönnun á aðgengilegum sérklefa
- Merking við aðalinngang

Vesturbæjarskóli

- Sjálfvirkar hurðaopnanir á innganga og lyftur

Vesturgata 7

- Rafmagnsopnun á hurð
- Kaup á tónmöskva

Vogaskóli

- Lýsing bætt fyrir sjónskertan nemanda

Heildarkostnaður vegna ferlimála á árinu 2017 var 39,5 milljónir króna. Upphæðin sem hér er nefnd á þó aðeins við um þá fjármuni sem fóru sérstaklega af fjárheimildum ferlinefndarinnar. Í nýframkvæmdum og endurnýjun er jafnframt hugað að aðgengismálum og kostnaður vegna þess er ekki sóttur sérstaklega til ferlinefndar. Fyrir vikið fara meiri fjármunir á ári hverju í að bæta aðgengi í borginni en þeir fjármunir sem sérstaklega eru tileinkaðir ferlimálum segja til um.

Kynningar og umfjöllun um önnur mál

Ferlinefndin fékk 13 sinnum kynningar eða umræður með gestum inn á fundi nefndarinnar vegna eftirfarandi mála:

- Kynning á aðgengisúttektum á Langholtsskóla og Selásskóla.
- Kynning á Sumargötum 2017.
- Umfjöllun um aðgengismál í sundlaugum borgarinnar með forstöðumönnum sundlauganna.
- Kynning á drögum að reglum um afnot af borgarlandi vegna útveitinga.
- Kynning á drögum að reglum um afnot af borgarlandi vegna skilta og útstillinga.
- Kynning á hugmyndum að bættu aðgengi að Gröndalshúsi.
- Umfjöllun um vefaðgengismál með vefstjóra Reykjavíkurborgar.
- Umfjöllun um aðgengi að grenndargámum og endurvinnslustöðvum með fulltrúum Sorpu og umhverfis- og skipulagssviðs.
- Kynning á uppsetningu djúpgáma við Kirkjusand.
- Umfjöllun um forgang í vetrarþjónustu með fulltrúa frá umhverfis- og skipulagssviði.
- Umfjöllun um aðgengismál í söfnum borgarinnar með forstöðumanni Borgarsögusafns.
- Kynning á nýjum hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla í Reykjavík.
- Umfjöllun um uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla með fulltrúa frá Orkusölu.

Aðgengisviðurkenning Reykjavíkurborgar

Ákveðið var að aðgengisviðurkenning Reykjavíkurborgar yrði veitt í fyrsta sinn á árinu 2017. Markmiðið með veitingu viðurkenningarinnar er að gera aðgengismálum hærra undir höfði og varpa ljósi á það sem vel er gert í málaflokknum.

Viðurkenningin var veitt þann 10. mars á málþinginu „Er leiðin greið?“ sem haldið var í tengslum við alþjólegan dag aðgengis fyrir alla þann 11. mars. Dómnefnd skipuð formanni

ferlinefndar, formanni mannréttindaráðs og starfsmanni mannréttindaskrifstofu fór yfir þær tilnefningar sem bárust og var niðurstaðan sú að Blindrafélagið myndi hljóða fyrstu aðgengisviðurkenningu Reykjavíkurborgar. Mörg af brýnustu hagsmunamálum blindra hafa náðst fram af frumkvæði félagsins og þar er m.a. hægt að nefna Hljóðbókasafn Íslands, Sjónstöð Íslands og Þjónustu og Þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskera og daufblinda. Auk áherslu á bætt aðgengi bæði innan og utandyra hefur Blindrafélagið undanfarin ár lagt áherslu á bætt netaðgengi og að vefsíður séu aðgengilegar blindu og sjónskertu fólki.

Þann 12. mars 2018 var aðgengisviðurkenningin veitt í annað sinn og kom hún í hlut Áslaugar Katrínar Aðalsteinsdóttur, landslagsarkitekts og Berglindar Hallgrímsdóttur, umferðarverkfræðings. Hlutu þær viðurkenninguna vegna tveggja verkefna sem þær áttu frumkvæði að og fengu styrk frá Vegagerðinni til að framkvæma. Það fyrra, Algild hönnun umferðarmannvirkja – samanburður á norrænum hönnunarreglum, snýr að norrænum hönnunarreglum um algilda hönnun sem lauk árið 2016. Þar unnu þær ítarlega úttekt á hönnunarreglum og stöðlum sem lúta að algildri hönnun í útiumhverfi í Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Í verkefninu báru þær saman reglur og staðla, samræmi milli þeirra og hvernig hægt væri að nýta niðurstöður úttektarinnar á Íslandi þannig að auka mætti öryggi íbúa og ferðamanna. Verkefnið kynntu þær á málþingi Öryrkjabandlagsins um aðgengismál sem fram fór í tilefni alþjóðlegs aðgengisdags í mars 2017. Seinna verkefnið, Hönnun fyrir alla í útiumhverfi – handbók, sem enn er á vinnslustigi styðst við hið fyrra og snýr að gerð handbókar sem löguð er að íslenskum aðstæðum um hönnun fyrir alla í útiumhverfi, þar með talið samgöngumannvirkjum.

Verkefnin framundan

Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að því að framkvæma aðgengisúttektir á grunnskólum Reykjavíkurborgar og hafa nú 28 grunnskólar af 39 fengið aðgengisúttekt. Þegar úttektir hafa verið unnar er framkvæmdaáætlun unnin út frá þeim atriðum sem fram koma í aðgengisúttektunum og úttektaraðilar telja brýnast að koma í lag. Stefnt er að því að vinna áfram að framkvæmdum á aðgengisúttektum á grunnskólum á árinu 2018.

Mikil vinna hefur jafnframt farið fram á síðustu mánuðum til þess að bæta aðgengi að sundlaugum borgarinnar, m.a. með kaupum á lyftum sem og hönnun á sérklefum í Breiðholtslaug og Vesturbæjarlaug. Sú vinna mun halda áfram á árinu 2018, en hún hefur farið fram í nánu samstarfi við forstöðumenn sundlauganna sem meðal annars áttu fund með ferlinefndinni á síðastliðnu ári til þess að fara yfir aðgengismál í laugunum.